

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar nr. 390/2000.

1. gr.

Við 1. gr. lið 1.1. bætist eftirfarandi: „og Mjóafjarðarhöfn“.

Við 1. gr. lið 1.4. bætist eftirfarandi: „Mjóafjarðarhöfn tekur yfir Mjóafjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Eldleysu norðan fjarðarins í Hafnartanga sunnan fjarðarins.“

Við 1. gr. lið 1.6. bætist eftirfarandi: „Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur þó með höndum úthlutun lóða á hafnarsvæði í Mjóafirði.“

2. gr.

Við 2. gr. lið 2.5. bætist eftirfarandi: „Þegar fjallað er um málefni Mjóafjarðarhafnar á fulltrúi hreppsnefndar Mjóafjarðarhrepps sæti í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.“

3. gr.

Við 20. gr. lið 20.2. bætist eftirfarandi: „Þá fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Mjóafjörð nr. 124/1966.“

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.